

# STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1996

7. ágúst 1996

1137

Nr. 435

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.**

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að leggja þorskfisknet með 5 ½ þumlunga riðli (139,7 mm) fyrir Suður- og Suðvesturlandi milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Stokksnesi og réttvísandi vestur frá Malarrifsvita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 15. ágúst 1996.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. ágúst 1996.*

**Þorsteinn Pálsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

13. ágúst 1996

Nr. 436

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.**

1. gr.

Síðasti ml. 3. mgr. 3. gr. orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 16. maí til og með 31. ágúst 1996.

2. gr.

1. mgr. 21. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 624/1995 orðist svo:

Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.